



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 25.09.2014

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og Sóttvarnalækni.

Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

Fundargerð

- Eldgosið í Holuhrauni heldur áfram með sama hætti og síðustu daga. Engin merki sjást um að eldgosið sé í rénun. Hraunflákinn heldur áfram að stækka og ekkert hefur dregið úr framleiðslunni.
- Sig öskju Bárðarbungu heldur áfram á svipuðum hraða og verið hefur.
- Skjálftavirkni í Bárðarbungu er svipuð og síðustu daga. Tíu skjálftar stærri en M3,0 hafa mælst frá hádegi í gær. Sá stærsti M5,2 var kl 05:00 í morgun.
- Smærri skjálftar mælast enn við norðurhluta berggangsins og við gosstöðvarnar.
- GPS mælingar sýna hægat landsig inn að miðju Bárðarbungu eins og verið hefur síðustu vikur.
- Engar breytingar sjást á vatnamælum sem ekki er hægt að skýra með veðurfarsbreytingum.
- Loftgæði:
 - Í gær mældist hár toppur brennisteinsdíoxíðs (SO₂) á Mývatni (2000 míkrogrömm á rúmmetra) og á Reyðarfirði í nótt (2600 míkrogrömm á rúmmetra). Umhverfisstofnun bíður eftir sendingu SO₂ mæla sem settir verða upp víðsvegar um landið.
 - Á næstunni (frá fimmtudegi til sunnudags) er búist við lægðagangi yfir landið með tilheyrandi breytingum í vindátt. Spáin verður þá flókin og getur verið erfitt að henda reiður á því hvar mengunin er og hvert hún stefnir. Það jákvæða er að sífelldir snúningar í vindátt ættu að þýða að gasið staldri ekki lengi við á hverjum stað. Eftir helgi er síðan búist við suðaustan- og sunnanátt verði ríkjandi og er útlit fyrir hvassan vind með köflum. Spáin er svohljóðandi: Fimmtudagur: suðvestanátt ríkjandi, en vindur yfir gosstöðvunum er á köflum fremur hægur. Mengunar mun því einkum gæta kringum gosstöðvarnar og norðaustur af þeim, en gæti náð að svæðinu frá Langanesi og suður á Hérað. Föstudagur: stíf vestan- og norðvestanátt. Búast má við gasmengun austur og suðaustur af eldstöðinni, frá Fáskrúðsfirði að suðausturhlíðum Vatnajökuls (þ.m.t. Höfn). Spána má sjá á www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/ Einnig má sjá gagnvirkt kort af gasdreifingu á síðunni www.vedur.is/vedur/spar/gasdreifing
 - Veðurstofan hefur opnað nýtt vefsvæði á vefsíðu sinni þar sem almenningur getur skráð inn hvort vart hafi verið við brennisteinsmengun. Síðan heitir [Skrá mengun](#) og er á forsiðu vefs Veðurstofunnar.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



- Leiðbeiningar:
 - Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is. Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgæði.is Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
 - Tilmæli og leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun má finna á heimasíðum stofnananna. www.ust.is og www.landlaeknir.is
 - Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vefnum www.vedur.is en þær eru einnig lesnar með veðurfregnum. Einnig verður leitast við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
 - Umhverfisstofnun kannar möguleika á því að fá fleiri mæla til landsins svo betur megi fylgjast með gosmengun frá eldgosinu.
 - Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið gos@ust.is. Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur lent í háum styrk; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingum á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingum á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
 - Þrír möguleikar eru taldir líklegastir um framvindu:
 - Gosið í Holuhrauni fjarar út og öskjusig í Bárðarbungu hættir.
 - Stórt öskjusig í Bárðarbungu. Gos í Holuhrauni verður langvinnt eða vex. Mögulegt er að sprungan lengist til suðurs inn undir Dyngjujökul og valdi jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum.
 - Stórt öskjusig í Bárðarbungu og gos í öskjubroti. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.
Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- Frá Veðurstofu Íslands:**
- Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.